205. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á skrifstofu Biskupsstofu í Borgartúni 26

Fimmtudaginn 13. júní 2024.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem stýrði fundi, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings, Sigurgeir Skúlason starfsmaður kirkjugarðaráðs og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 13:15.* Fundargerðir 203. fundar og 204. fundar voru lagðar fram og samþykktar.
2. *Fundur í dómsmálaráðuneyti.* Smári sagði frá fundi. Í kjölfar bréfs kirkjugarðaráðs til dómsmálaráðuneytis, þar sem óskað var eftir nýjum samningi um framlag til reksturs kirkjugarða, boðaði ráðuneytið fulltrúa kirkjugarðaráðs til fundar þann 10. júní sl. Smári, Ingvar og Guðmundur Rafn sátu fundinn fyrir hönd kirkjugarðaráðs. Ráðuneytisstjóri, aðstoðarmaður ráðherra og tveir sérfræðingar sátu fundinn fyrir hönd ráðuneytis. Á fundinum kom fram að brugðist verði við erindi kirkjugarðaráðs í skrefum. Eina skrefið sem dómsmálaráðuneyti vill stíga að svo stöddu er að hefja vinnu við lagabreytingar í því skyni að veita kirkjugörðum heimild til innheimtu líkhúsgjalds. Áformað er að slíkt frumvarp til breytinga á lögum verði lagt fyrir Alþingi næsta haust. Samhliða því færi fram endurskoðun á samkomulagi dómsmálaráðuneytis og kirkjugarðaráðs í því augnamiði að tryggja að gjaldtakan leiði ekki til skerðingar á fjárframlagi ríkisins. Fjárframlög til kirkjugarða verða ekki aukin til að endurspegla raunverulegan kostnað við lögbundin verkefni, ekki verður tekið tillit til reksturs bálstofu og ekki verður farið í stefnumótun um framtíðarsýn hins opinbera í málefnum jarðsetninga og líkbrennslu. Mögulega verður slíkt unnið í seinni skrefum. Boðaður hefur verið annar fundur þar sem líkhúsmál verða til umræðu. Smári og Ingvar munu sitja þann fund og greina frá umræðunum á næsta fundi kirkjugarðaráðs. Bent var á að boðuð lagabreyting komi seint, en líkhús Kirkjugarða Reykjavíkur er þegar sprungið.
3. *Val á nýjum framkvæmdastjóra kirkjugarðaráðs.* Ingvar, Guðmundur Rafn og Sigurgeir viku af fundi. Ragnhildur kynnti minnisblað þar sem fram kemur rökstudd tillaga um að Ágústu Erlingsdóttur verði boðið starf framkvæmdastjóra kirkjugarðaráðs. Fulltrúar kirkjugarðaráðs samþykktu tillöguna einróma. Næsta skref verður að Hagvangur tilkynnir Ágústu um ákvörðun ráðsins. Þiggi Ágústa starfið verður gerður við hana ráðningarsamningur sem fyrst og öðrum umsækjendum tilkynnt um niðurstöðuna.

4. *Næsti fundur.* Ingvar, Guðmundur Rafn og Sigurgeir komu aftur inn á fund. Fimmtudaginn 22. ágúst verður farin heildagsferð um Suðurland, t.a.m. til Þorlákshafnar, Vestmannaeyja og Árbæjar. Fundað verður á milli skoðunarferða.
5. *Önnur mál.* Friðlýsing Hólavallagarðs, staða máls lögð fram til kynningar. Guðmundur Rafn bendir á að vinna ætti leiðbeiningar hjá Minjastofnun Íslands um varðveislu og viðgerð minningarmarka. Frekari umræða um friðlýsingu Hólavallagarðs fer fram á næsta fundi kirkjugarðaráðs.

Fundi var slitið kl. 14:30.